

# Skúffufé veitt til kvikmyndar Árna Johnsen

Árni Johnsen hefur unnið að kvikmyndagerð á Grænlandi í árið árið. Hann vill ekki gefa upp hverjir samstarfsmenn hans eru eða hver kostnaður við verkefnið er. Tveir ráðherra Framsóknarflokksins hafa veitt honum styrk vegna þessa.

**STJÓRNSÝSLA** Árni Johnsen, fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur fengið styrk frá tveimur ráðherrum Framsóknarflokksins vegna kvikmyndaverkefnis sem hann vinnur að á Grænlandi um Scoresbysund.

Einnig hefur Skotta ehf., fyrirtæki í eigu Árna Gunnarssonar, fyrrverandi varaþingmanns Framsóknarflokksins, í þriggja fengid styrk frá sömu ráðherrum vegna þriggja mismunandi verkefna. Þetta kemur fram í svari ráðuneytanna við fyrirspurn Fréttablaðsins um hvornig ráðstöfunarfé ráðherra hefur verið varið.

Ráðherrarnir, Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra, hafa veitt Árna Johnsen og Skottu ehf., þessa styrki. Aðrir ráðherrar hafa ekki veitt styrki til verkefnanna.

Árni Johnsen segir þetta verkefni vera mjög kostnaðarsamt. Hann vill þó ekki gefa upp hverjir væru með honum í verkefninu eða hver kostnaðurinn sé. „Scoresbysund er lengsti fjörður í heimi með um þúsund fjöllum og tugum skriðjökla. Náttúran er stórbrotin,“ segir Árni. Tengsl verkefnisins við Ísland séu ekki önnur en að fjörðurinn sé nálægt Íslandi.

Skotta ehf., félag í eigu Árna Gunnarssonar fyrrverandi varaþingmanns Framsóknar, hefur einnig fengið þrjú styrki af skúffufé ráðherranna, meðal annars fyrir sjónvarpsþætti um mannlífsflóru íslenskra fiskiskipa og myndatöku á heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Berlín.

Settar hafa verið reglur um ráðstöfunarfé ráðherra. Í fyrstu grein segir að ráðherra sé heimilt að

**Scoresbysund er lengsti fjörður í heimi með um þúsund fjöllum og tugum skriðjökla. Náttúran er stórbrotin.**

Árni Johnsen, fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokks



» Hverjum ráðherra er heimilt að veita tilfallandi styrki og framlög til verkefna sem varða þá málaflokka sem þeir bera ábyrgð á. Við úthlutun styrkja og framlaga skal gæta jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða.

Úr nýjum lögum um opinber fjármál

styrkja málefni og verkefni sem stuðla að framgangi íslenskra hagsmuna og til almannaheilla.

Styrkir til Skottu ehf. og Árna Johnsen nema alls rúmri milljón króna.

Í nýjum lögum um opinber fjármál sem tóku gildi í upphafi árs eru styrkveitingum ráðherra settar skorður.

„Hverjum ráðherra er heimilt að veita tilfallandi styrki og framlög til verkefna sem varða þá málaflokka sem þeir bera ábyrgð á. Við úthlutun styrkja og framlaga skal gæta jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða,“ segir í lögum. Hins vegar er ráðstöfunarfé ráðherra, svokallað skúffufé, undanþegið þessum lagabókstaf. – sa



Handagangur í öskjunni Saltkjöt og baunir er íslenskur réttur sem borðaður er á fjölmörgum íslenskum heimilum á sprengidaginn og því var handagangur í öskjunni í Kjöthöllinni og á öðrum sölustöðum. FRÉTTA-  
TABLAÐIÐ/ANTON

## Þolinmæði fatlaðra á þrotum

**SAMFÉLAGSMÁL** Ferðapjónusta fatlaðra hefur ekki leyfi til að leggja í bílastæði merkt fötluðum. Drög að nýrri reglugerð um bílastæðakort fyrir fatlaða hafa legið óhreyfð síðan 2012. Bergur Þorri Benjaminsson, varaformaður Sjálfsbjargar, segir þolinmæði hreyfihamlaðra á þrotum. Gamla reglugerðin sé síðan um aldamótin.

„Það eru nokkrir hlutir sem verða að komast á hreint. Til að mynda er engin skrá yfir útgefin stæðiskort. Nú er það þannig að allir þeir sem fá vottorð frá lækni fá útgefin kort og erfitt er að gera sér í hugarlund hversu mörg eru í umferð,“ segir Bergur Þorri. „Einnig þurfum við að fá í reglugerð að ferðapjónusta fatlaðra megi leggja í P-merkt stæði.“ – sa

### Fréttablaðið í dag

**LÍFID** Breska tónlistarkonan PJ Harvey kemur fram á Iceland Airwaves. **24-26**

**SKODUN** Elín Hirst skrifar um endurreisn heilbrigðiskerfisins. **10-11**

**SPORT** Karen Knútsdóttir fer á kostum í Frakklandi. **12**

**MENNING** Völuspá Þorvaldar Bjarna frumflutt næstu helgi. **18**

**PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

## ÖSKUDAGS- BÚNINGAR

**OPIÐ TIL 21  
Í KVÖLD**

Finndu okkur á 

**PARTYBÚÐIN**

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

## Dale Carnegie ÓKEYPIS KYNNINGARTÍMI


*í kvöld*  
**Ármúli 11, 3. hæð**

// Fyrir 10–15 ára  
kl. 18.00–19.00

// Fyrir 16–25 ára  
kl. 19.00–20.00

// Fyrir 25 ára og eldri  
kl. 20.00–21.00

## Veður



Norðan 5-13 m/s í dag. Þurr og bjart veður á Suðurlandi, en el í öðrum landshlutum, einkum norðan- og norðaustanlands. Kalt í veðri, frost víða á bilinu 2 til 10 stig.

**SJÁ SÍÐU 16**

## Bankinn telur svara að vænta frá Borgun

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn hafði við sölu á hlut sínum í Borgun enga vitneskju um að Borgun ætti yfirhöfuð rétt til greiðslna vegna valréttar í tengslum við samruna Visa Inc. og Visa Europe, kæmi til þess að hann yrði virkjaður. Þetta kom fram í yfirlýsingu frá bankanum í gærkvöldi.

„Fyrir helgi sendi Landsbankinn skriflega fyrirspurn til Borgunar og óskaði eftir skýrum svörum um það hvort upplýsingar hafi legið fyrir hjá félaginu eða stjórnendum þess um að Borgun kynni að eiga rétt til greiðslna á grundvelli umrædds valréttar,“ segir í yfirlýsingu Landsbankans.

Þar segir að í yfirlýsingu Borgunar sem send hafi verið fjölmiðlum í gær sé spurningum Landsbankans ekki svarað. „Þar kemur ekki fram hvort Borgun eða stjórnendur þess hafi vitað að fyrirtækið ætti rétt til greiðslna vegna valréttarins. Engin svör hafa borist beint til Landsbankans en bankinn væntir þess að þau berist á morgun [í dag], þriðjudaginn 9. febrúar, líkt og óskað var eftir.“

Haukur Oddsson, forstjóri Borgunar, kvaðst í gær ekki vilja bregðast við að svo stöddu. – kbg

» Í yfirlýsingu Borgunar sem send var fjölmiðlum í dag er spurningum Landsbankans ekki svarað. Þar kemur ekki fram hvort Borgun eða stjórnendur þess hafi vitað að fyrirtækið ætti rétt til greiðslna vegna valréttarins. Engin svör hafa borist beint til Landsbankans.

Úr yfirlýsingu Landsbankans sem send var fjölmiðlum um kvöldmatarleyti í gær

## Merkiskona kvödd



Ragnhildur Helgadóttir lögfræðingur, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, var borin til grafar í gær. Útför hennar fór fram frá Neskirkju. Ragnhildur fæddist í Reykjavík 26. maí 1930. Hún var kjörin á þing ein kvemma árið 1956 aðeins tuttugu og sex ára gömul. Ragnhildur var önnur konan hér á landi til að gegna ráðherraembætti og fyrst kvemma til að gegna embætti menntamálaráðherra (1983-1985) og embætti heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (1985-1987). Ragnhildur varð einnig fyrst kvemma forseti í deildum Alþingis, en hún var forseti neðri deildar þingsins 1961-1962 og síðar 1974-1978. Þá var hún fyrsta konan sem gegndi embætti forseta Norðurlandaráðs. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

## Ungur til aðstoðar

**STJÓRN MÁL** Ráðinn hefur verið nýr aðstoðarmaður Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra, Gauti Geirsson, 22 ára rekstrarverkfræðinemi við Háskólann í Reykjavík. Gauti hóf störf í gær.

Að því er kemur fram í frétt á vef ráðuneytisins hefur Gauti starfað sem háseti og vélstjóri á togara og farþegaskipum. Í viðtali við fréttastofu í gær sagðist Gauti sinna starfinu með skóla en um hálf ták er að ræða hjá ráðuneytinu. „Þetta kom bara skemmtilega á óvart og ég hlakka til að takast á við þetta,“ segir hann.

Gunnar Bragi er fyrir með einn aðstoðarmann, Sunnu Gunnars Marteinisdóttur. – kbg, bá



Gauti Geirsson nýr aðstoðarmaður ráðherra

# Hræðist sleðahundana meira en strokufanga

Fyrirhugaður rekstur hundasleðaafyrirtækis við Þingvallaveg mætir mikilli andspyrnu í sveitinni. Bændur óttast að hundarnir leggist á fé og ráðist jafnvel á þá sjálfa. Þekkingarleysi, segir sá sem seldi félaginu landskika undir starfseminu.

**STJÓRNSÝSLA** „Þessi viðhorf byggja á þekkingarleysi,“ segir Gunnar Þórisson, eigandi jarðarinnar Fellsenda í Þingvallasveit, um andstöðu íbúa þar um slóðir við rekstur hundasleðaafyrirtækis á jörðinni.

Gunnar seldi Hundasleðaferðum ehf. eitt hundrað hektara spillu úr Fellsenda-jörðinni sunnan Þingvallavegar á mótis við Kjósarskarðsveg. Fyrirtækið hefur verið rekið frá bænum Hólmaseli við Þjórsá. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur tvívegis hafnað ósk um stofnun lögbylis á spillu Hundasleðaferða.

Kolbeinn Sveinbjörnsson, sem býr í landi Skálabrekku og á sæti í sveitarstjórninni, er mótfallinn því að fá útgerð sleðahunda í nágrennið.

„Ef ég væri á göngu úti á heiði eða jafnvel staddur í garðinum heima hjá mér myndi ég frekar vilja mæta 40 strokuföngum af Litla-Hrauni ef gat kæmi á girðinguna þar heldur en 40 Husky-hundum sem slyppu frá Fellsenda ef gat kæmi á girðinguna þar,“ segir Kolbeinn í bréfi til sveitarfélagsins.

Kolbeinn segir sleðahunda tamda með mikilli hörku. „Ég hef heyrt að á þeirra heimaslóðum í Grænlandi sé sagt að þeir verði að vera hræddari við eigendur sína en hvítabirni. Það er því, sama hvað hver segir, alveg ljóst að þessar skepnur eru líklegar til að beita aðra hörku ef þannig aðstæður myndast,“ skrifar hann.

Bróðir Kolbeins, Jóhannes Sveinbjörnsson á Heiðarbæ II, skrifaði einnig bréf til sveitarstjórnarinnar. Í því segir hann hræðslu nágrannaanna við hundatengda starfsemi á Mosfellsheiði hafa aukist mjög eftir stórtjón á sauðfé af völdum hunda á heiðinni í fyrrasumar. Heildartjón



Sleðahundar þurfa mikla þjálfun og aðgát umsjónarmanna. FRÉTTABLAÐID/GVA

Ég hef heyrt að á þeirra heimaslóðum í Grænlandi sé sagt að þeir verði að vera hræddari við eigendur sína en hvítabirni.

Kolbeinn Sveinbjörnsson

þeirra sem misstu fé sé að lágmarki tvær milljónir króna.

„Tjón af völdum hunda er ekki bara á þeim skepnum sem komast í beina snertingu við þá. Ógn af völdum þeirra veldur því að órói kemst á féð, það leitar burt og hætta er á að lömb villist undan. Óróinn einn og sér getur því valdið afurðatapi, hann getur verið til staðar jafnvel þó að hundar séu tryggilega lokaðir af inni í girðingu. Fuglalíf verður vafalítið einnig fyrir tjóni,“ segir Jóhannes í bréfinu.

Ekki náðist tal af Sigurði Baldvinssyni hjá Hundasleðaferðum í gær. Sigurður og Gunnar Þórisson gengu á fund sveitarstjórnar fyrir jól til að útskýra fyrirhugaða starfsemi.

Gunnar segist skilja að menn séu hvekkir eftir að lausir hundar af einum bæ í sveitinni lögðust á fé í fyrrasumar. Auk þess hafi hópur hunda komið með eigendum sínu úr Reykjavík í land Heiðarbæjar og styggt þar fé. Tortryggni gagnvart rekstri Hundasleðaferða sé hins vegar byggð á vanþekkingu. Hundarnir verði á rammgirtu svæði og tjóðaðir með keðjum.

„Það er lágmark að sveitarstjórnin hafi vit á því hvernig hún vill láta öryggiskröfurnar vera. Það þurfa að vera umgengisreglur alls staðar og þær þurfa að vera búnar til af þekkingu,“ segir Gunnar á Fellsenda. gar@frettabladid.is

**belVita Breakfast**

**Orka allan morguninn**

\*BelVita Breakfast er ríkt af hægeltandi sterkju sem dreifir upptöku kolvetna yfir lengri tíma og heldur blóðsykrinum stöðugri.



TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# YARIS TREND lipur í snúningum



Verð frá: 2.760.000 kr.

**Kynntu þér Toyota FLEX**

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág  
innborgun**

**Tryggt  
fram tíðarvirði**

**Fastar  
mánaðargreiðslur**

**YARIS TREND** er lipur í snúningum og geislar af fegurð og krafti. Tryggðu þér þessa sérútgáfu af einum vinsælasta bíl seinni ára sem býðst í takmarkaðan tíma hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi.

Renndu við og reynsluaktu nýjum Yaris Trend í bensín-, dísil- eða hybrid-útgáfu.

Fáðu nánari upplýsingar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

**VILDARPUNKTAR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM\***



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

\*Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

# Barnaverndarstofa fær framlag vegna ofbeldis í garð fatlaðra barna

**SAMFÉLAG** „Ofbeldi er alltaf alvarlegt en við vitum líka að sumir hópar eru líklegri en aðrir til þess að sæta ofbeldi og eiga jafnframt erfiðara með að sækja sér hjálp. Fötluð börn eru viðkvæmur hópur hvað þetta varðar,“ segir Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðgjafi, sem hefur ákveðið að veita Barnaverndarstofu þriggja milljóna króna framlag til að styrkja rannsókn og

meðferð mála þegar grunur er um að fatlað barn hafi sætt ofbeldi.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segir fjármagnid verða nýtt til þess að kaupa sérfræðinga til landsins frá Bandaríkjunum. „Þeir munu vinna hér í þrjú daga með okkur og við höldum ráðstefnu fyrir fagfólk sem starfar í Barnavernd og þá sem koma að greiningu og þjónustu við fötluð börn.“

**Fræðin kenna okkur að fólk með fötlun er oft berskjaldað og er í áhættuþópum gagnvart þeim sem hafa langanir til að misnota.**

Bragi Guðbrandsson



Bragi segir helstu nýjungar varðandi rannsóknarviðtöl verða kynntar sem og þjónustu og áfalla-meðferð fyrir þolendur. „Megináherslan er á fötluð börn og ofbeldi gegn þeim en við einskorðum okkur ekki við þann aldurshóp. Við sjáum ríka ástæðu til þess að nota sömu rannsóknaraðferðir við vinnslu brota þegar fullorðin fatlað fólk á í hlut.“

Fræðslan verður með því fyrirkomulagi að efnt verður til ráðstefnu þar sem fagfólk, sem aðkomu hefur að þessum málum, verður veitt almenn fræðsla. Í kjölfarið verður haldið námskeið um efnið fyrir starfsfólk stofnana sem vinnur að málefnum fatlaðs fólks og annað námskeið fyrir starfsfólk Barnahúss þar sem fjallað verður um rannsókn og meðferð þessara mála. – kbg

## Samræmd próf færð í 9. bekk

**MENNTAMÁL** Samræmd próf í grunnskólum verða lögð fyrir með raf-rænum hætti frá og með haustinu 2016. Þá verða þau samræmdu próf sem undanfarin ár hafa verið haldin að hausti í tíunda bekk færð til vors í níunda bekk.

Frá þessum breytingum var greint í frétt á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins í gær. Þar segir að breytingarnar byggja á tillögu Menntamálastofnunar, sem muni á næstunni kynna breytt fyrirkomulag samræmdra prófa og greina frá því hvenær þau verði lögð fyrir á næsta skólaári.

Tilfærsla samræmdu prófanna hefur það í för með sér að ekkert próf verður haldið í tíunda bekk næsta haust. Þeir nemendur sem verða í tíunda bekk á næsta skólaári munu í staðinn þreyta próf voríð 2017, á sama tíma og níundu bekk-ingar. – kbg

## Flóttabörn útsett fyrir kynferðislegu ofbeldi

**NOREGUR** Þekktir kynferðisglæpamenn hafa beitt börn í húsnæði fyrir flóttamenn í Noregi ofbeldi. Um er að ræða glæpamenn sem búa í húsnæði fyrir flóttamenn og einnig glæpamenn sem venja komur sínar þangað. Þeir sjást oft í kringum húsnæði þar sem eru börn sem koma ein sins liðs.

Norska lögreglan vill ekki segja frá fjölda tilfella en tekur fram að líklega séu þau fleiri en greint hefur verið frá, meðal annars vegna þeirrar reynslu sem margir hælisleitendur hafa af lögreglu og yfirvöldum í öðrum löndum. – ibs

### LEIÐRÉTT

Nafn Reimars Péturssonar, formanns Lögmannafélags Íslands, misritaðist í aðsendri grein í Fréttablaðinu í gær. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Fórnarlömb fjárplógsstarfsemi skammast sín fyrir trúgirnina

Búið er að ákæra karlmann fyrir ríflega 70 milljóna króna svik og blekkingar. Lykillinn að fjársvikum er að stofna til persónulegs sambands við fórnarlambið. Svokallað Nígeríusvindl hefur að mestu leyti færst yfir á samfélagsmiðlana. Stundum lendir fólk í svikamyllu glæpamanna sem nota það til að þvo illa fengið fé.

**LÖGREGLUMÁL** „Það þarf að vinna inn traust til að blekkja fólk til að leggja fram fé í eitthvað sem er ekki neitt,“ segir Hafliði Þórðarson, lögreglufulltrúi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu sem hefur sérhæft sig í fjársvikum.

Karlmaður á fertugsaldri, Einar Ágústsson, hefur verið ákærður fyrir að svikja nærri 75 milljónir króna út úr fjórum einstaklingum á árunum 2010 til 2012. Samkvæmt ákæru taldi Einar fólkinu trú um að hann starfrækti fjárfestingarsjóðinn Skajaquoda Fund. Sjóðurinn var aldrei til nema að nafninu til.

Einar hefur sömuleiðis verið til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara vegna annarra mála, miðað við fréttaflutning af honum frá því í október á síðasta ári. Hann og bróðir hans söfnuðu metupphæð í gegnum fjöldasöfnunarsíðuna Kickstarter fyrir sólarrafhlöðu, rafmagnssnúru sem á að virka fyrir allt og vindmyllu. Vefsíðan lokaði að endingu á auglýsingar bræðrana á síðunni vegna gruns um að ekki væri innistæða fyrir loforðum þeirra um vörurnar.

„Fjársvikamál taka á sig allar myndir nú til dags og svokallað Nígeríusvindl hefur að mestu leyti færst yfir á samfélagsmiðlana,“ segir Hafliði. Hann segir að allir hafi lent í því á einhverjum tímapikti að fá vinabeidnir frá ókunnugu fólki úti í heimi. Svikarar reyni að stofna til persónulegra sambanda við fórnarlömb sín og vinna inn traust.

„Fólk er mismunandi statt í lífinu, hefur lent í áföllum eða er einmana og leiðist. Það eru einhver örfá prósent sem falla fyrir þessu en það er nóg. Í svikum almennt er verið að styrkja væntingar manna til að fá þá til að leggja fram fé.“



Fólkið lagði samtals 75 milljónir króna inn á reikning Einars í þeirri von að peningarnir myndu ávaxtast. Þau höfnuðu viðtali þegar Fréttablaðið leitaði til þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Fjársvikamál taka á sig allar myndir nú til dags og svokallað Nígeríusvindl hrftu að mestu leyti færst yfir á samfélagsmiðlana.**

Hafliði Þórðarson, lögreglufulltrúi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu



Hafliði segir að málin geti orðið viðkvæm þegar til ástarsambanda hafi verið stofnað í gegnum netið. Þá hefur viðkomandi jafnvel átt í sambandi lengi við svikarann og borgað undir hann flugfargjöld eða aðstoðað í neyð. „Ég held að í þeim málum sé bara litill hluti sem leitar til lögreglu.“

Eins geti fólk lent í svikamyllu þar sem það aðstoðar við að þvætta peninga. Þá er haft samband við fólk og það beðið um að taka við

fé á reikning sinn og millifæra það áfram. Í staðinn fær fórnarlambið væga þóknun. „Það er fátt frítt í þessum heimi. Stundum ýta menn til hliðar eðlilegri gagnrýni í þeirri von að þeir græði eitthvað.“

Hafliði segir að það sé engin erki-týpa svikara til. „Ég get ekki sett fingurinn á einhverja týpu en eðli málsins samkvæmt eru þeir góðir að sannfæra fólk. Til þess að blekkja þarftu að hafa taugar í það að geta logið og blekkt.“ snaeros@frettabladid.is

## Vilja sameiginlegt fjármálaráðuneyti

**ÞÝSKALAND** Seðlabankastjórn Þýskalands og Frakklands, Jens Weidmann og Francois Villeroy de Galhau, vilja að evruríkin komi sér upp sameiginlegu fjármálaráðuneyti. Þetta sé nauðsynlegt til að takast á við efnahagslegt ójafnvægi ríkjanna. Gera þurfi viðtækar kerfisbreytingar á myntbandalaginu, þannig að fullveldi í ríkisfjármálum verði að verulegu leyti flutt frá einstökum ríkjum yfir í sameiginlega ráðuneytið. Jafnframt yrði stofnað óháð fjármálaráð. Þetta sé nauðsynlegt til að endurheimta traust til evrusvæðisins.

Hinn kosturinn, í núverandi stöðu, sé að dreifa valdinu sem mest frá Brussel til aðildarríkjanna, en því myndi þá fylgja að settar yrðu mjög strangar reglur um ríkisfjármálin.

Aðildarríkin myndu þá halda fullveldi sínu, en á móti mætti reikna með því að samstaðan yrði minni.

Þeir Weidmann og Galhau kynna þessa hugmynd sína í aðsendri grein, sem birtist í þýska dagblaðinu Süddeutsche Zeitung í gær. – gb



Jens Weidmann, seðlabankastjóri Þýskalands. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Sumarið

## 2016 er komið

Allt að  
**20.000 kr.**  
bók.afsl. á mann  
til 22. febrúar

Bæklingurinn er kominn

Heimsferðir

# Polo. Gerir gæðamuninn.



VW Polo Trend & Style:

**2.690.000 kr.**

Sjálfskiptur: 2.990.000 kr.

## Volkswagen Polo. Fyrir alla muni.

Þegar þú hefur kynnst gæðunum, þægindunum og tækninni sem Volkswagen Polo býr yfir duga engar málamiðlanir. Komdu í reynsluakstur og finndu gæðamuninn.

### Staðalbúnaður í Trend & Style

- |                            |                                    |  |  |
|----------------------------|------------------------------------|--|--|
| • Hiti í framsætum         | • Nálgunarvarar að aftan og framan | • Start/Stop búnaður                       | • Stöðugleikastýring                     |
| • Hraðastillir             | • Skyggðar rúður                   | • Halogen aðalljós                         | • Spólvörn                               |
| • Leðurklætt aðgerðarstýri | • 15" Estrada Álfelgur             | • Bluetooth búnaður fyrir síma og afspilun | • Composition Touch útvarp m/4 hátölurum |
| • Lítaskjár í mælaborði    |                                    |  |  |



Volkswagen



# Klögunarbréf og tilburðir til þöggunar

Sveinn Arason ríkisendurskoðandi hefur sent forseta Alþingis bréf þar sem hann kvartar yfir orðum Vigdísar Hauksdóttur, formanns fjárlaganefndar þingsins. Hún telur þetta einsdæmi og afar sérstakt. Ríkisendurskoðandi verði að þola gagnrýni.

**ALÞINGI** Sveinn Arason ríkisendurskoðandi hefur sent Einari K. Guðfinnssyni, forseta Alþingis, bréf þar sem hann gagnrýnir ummæli Vigdísar Hauksdóttur, formanns fjárlaganefndar, harðlega. Sakar ríkisendurskoðandi þingmanninn um dylgjur í sinn garð. Vigdís sakar ríkisendurskoðanda um grimulausa þöggunartilburði.

Astæður bréfaskrifta ríkisendurskoðanda til forseta Alþingis eru tvenn ummæli Vigdísar Hauksdóttur, annars vegar í þættinum Eyjunni, á Stöð 2 þann 31. janúar síðastliðinn sem og ummæli sem féllu degi seinna í þættinum Í bitíð á Bylgjunni. Í fyrri ummælunum sakar Vigdís opinbera starfsmenn um að gera starfslokasamninga við ríkið án heimildar í lögum og umboðsmann Alþingis og ríkisendurskoðanda um sofandahátt. Í seinni ummælunum segir Vigdís fjölskyldutengsl ríkisendurskoðanda hafa áhrif á störf hans þar sem bróðir hans sé skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu.

Sveinn segir þessi orð Vigdísar ekki eiga við rök að styðjast og bendir á að fjármálaráðuneytið hafi fengið sömu meðferð og önnur ráðuneyti. Það séu því dylgjur að halda þessu fram. „Það er skoðun mín að þingmenn eigi að gæta að orðfæri sínu og alveg sérstaklega í fjölmiðlum og ræðustól Alþingis,“ segir í bréfi Sveins. „Einnig tel ég eðlilegt að þeir kynni sér mál og málavöxtu þegar þeir tjá sig um mál sem eru þeim hugleikin.“



Sveinn Arason  
ríkisendurskoðandi



Vigdís Hauksdóttir  
formaður fjárlaganefndar

Vigdís gefur lítið fyrir bréfið og segir það vera þöggunartilburði af hálfu ríkisendurskoðanda. „Þetta er afar sérstakt og líklega einsdæmi. Þetta er ekki svarbréf til mín heldur klögunarbréf til forseta þingsins og um augljósa þöggunartilburði að ræða,“ segir Vigdís. „Hvorki hann né ríkisendurskoðandi hafa lögsögu yfir mér þar sem ég sæk umboð mitt til kjósenda og hef fullan málfrelsisrétt samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins. Einnig minnst ég þess ekki að ríkisendurskoðandi hafi skrifað forseta bréf þegar fyrirrennari minn, Björn Valur Gíslason, sleit öllum samskiptum við stofnunina á síðasta kjörtímabili.“

Ekki náðist í Einar K Guðfinnsson við vinnslu fréttarinnar.  
sveinn@frettabladid.is

## Konu bjargað



Björgunarmenn rétta hér á milli sín konu frá Vietnam sem bjargað var í gær úr rústum húss sem hrundi í Tainan-borg í jarðskjálfta upp á 6,4 stig. Skjálftinn reið yfir suðurhluta Taívans að morgni laugardags. Í gær var yfir hundrað manns enn saknað og staðfest að 38 hið minnsta hefðu látið lífið í skjálftanum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Kolvetrnaskert og próteinríkt með suðrænu bragði



– Nú fáanlegt í 500 g umbúðum



Þörfin fyrir landgræslu á Suðurlandi er víða mikil. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

## Græða land með seyru

**UMHVERFISMÁL** Landgræðsla ríkisins og fimm sveitarfélög á Suðurlandi hafa undirritað samstarfs-samning til átta ára um nýtingu seyru til landgræðslu. Sveitarfélögin sem koma að þessum samningi eru Hrunamannahreppur, Bláskóga-byggð, Grímsnes- og Grafnings-hreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur.

Efnið [kalkaður lífrænn úrgangur – til dæmis úr rotþróum] sem til fellur verður notað innan landgræðslugirðingar á Hrunamannafrétti. Einnig geta önnur svæði í sveitarfélögunum komið til greina eftir samkomulagi aðila ef þau henta og uppfylla að öðru leyti skilyrði

til nýtingar á seyru. Í samningnum segir meðal annars að sveitarfélögin safni seyru frá þéttbýli, dreifbýli, sumarhúsum og eftir atvikum atvinnurekstri. Frá söfnunarstað verður seyran flutt árlega á uppgræðslusvæði og dreift.

Snemma í september ár hvert ætla samningsaðilar að leggja mat á framvindu gróðurs á uppgræðslusvæðunum. Landgræðslan mun síðan fyrir lok nóvember árin 2016, 2017, 2019 og 2022 skila sérstökum skýrslum um ástand gróðurs og framvindu á uppgræðslusvæðunum.

Landgræðslan leggur til ráðgjöf og fræ til sáningar á uppgræðslusvæðunum telji hún þess þörf. – shá

Ford Fiesta er **mest seldi**  
smábíll Evrópu



## NÝR FORD FIESTA

› Ford Fiesta er mest seldi smábíll Evrópu. Það kemur ekki á óvart því útlitið er rennilegt og staðalbúnaðurinn glæsilegur.

Hann höfðar jafnt til þeirra sem kunna að meta framúrskarandi akstursánægju og þeirra sem velja sparneytni og öryggi.

Fiesta er fáanlegur með margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins (e. International Engine of the Year), þrjú ár í röð.

**Upplifðu frábæra aksturseginnleika Ford Fiesta, mest selda smábíls Evrópu - komdu og prófaðu**

### FORD FIESTA

BEINSKIPTUR

FRÁ **2.390.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR

FRÁ **2.740.000** KR.



[ford.is](http://ford.is)



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.  
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Fiesta er nýi besti vinur þinn: Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). CO<sub>2</sub> gildin eru óvenu lág fyrir bensínvél. Beinskiptur Fiesta fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggisþúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum! ♦ Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. CO<sub>2</sub> 99 g/km. ♦ Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. CO<sub>2</sub> 114 g/km. ♦ Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## Færist í aukana á ný að einstaklingar taki sérstök bílalán

**VIÐSKIPTI** Hlutfall bílakaupenda sem taka bílalán hefur farið hækkandi undanfarið misseri að sögn forsvarsmanna bílaumboda.

Skúli Skúlason, framkvæmdastjóri sölusviðs BL, segist finna fyrir aukningu í sölu til einstaklinga. „Hún var yfir 60 prósent á síðasta ári ef ég man rétt. Aukning í lánnum er að sjálfsögðu í hlutfalli við það.“

Ekki hefur orðið fjölgun á svokölluðum 90 prósent lánnum hjá BL. „Þetta er yfirleitt gert á skynsamlegum notum, fólk er með bíl upp í og pening og svo lán fyrir restinni,“ segir Skúli.

Úlfar Hinriksson, framkvæmdastjóri Suzuki bíla, segir að samhliða aukinni sölu til einstaklinga hafi lánataka aukist. „Það hefur smátt og smátt verið að aukast frá hrúni. Fyrir tveimur til þremur árum þá var mjög lítið um lán. En maður verður ekki var við að það sé einhver ógurleg sveifla, að menn séu að taka hæstu lán. Það er mikið um að fólk sé með eldri bíl upp í nýjan og fái þá einhvern hluta að láni.“

Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju og formaður Bilgreinasambandsins, segist einnig finna fyrir aukningunni, en tekur undir það að

hann finni fyrir skynsamlegri hegðun en fyrir hrún. „Skilyrði til að taka bílalán eru nú strangari en áður. Núna er hámarkslán á einstakling án þess að fara í greiðslumat tvær milljónir og fjórar milljónir fyrir hjón,“ segir Jón Trausti.

Jón Trausti segir að fólk taki lægri lán en áður. „Við sjáum ekki að ungt fólk sé að kaupa sér allt of dýra bíla á háum lánnum af því að það eru þessi þök á lánin. Við fögnum því.“

Jón Trausti segir þó fjölgun níutíu prósent lánatöluverða, en það sé hins vegar til kaupa á ódýrari bílum.

**Við sjáum ekki að ungt fólk sé að kaupa sér allt of dýra bíla á háum lánnum af því að það eru þessi þök á lánstöðu. Við fögnum því.**

Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju og formaður Bilgreinasambandsins



Árni Þorsteinsson, sölustjóri Volkswagen, finnur líka fyrir aukningu bílalaða. „Áður fyrr var fólk að labba inn á bílasölu með milljón og kaupa sér bíl á milljón. Núna er fólk meira að labba inn með milljón og kaupa sér bíl á þrjár milljónir.“ Hann tekur undir með Jóni Trausta að yngra fólk komi inn í sýningarsalina en áður.

Árni segir þó að ekki sé mikið um 90 prósent lán hjá þeim hópi. „Þau hafa ekki náð fluginu sem maður skyldi ætla. Það virðist þó vera að fleiri séu að fara í greiðslumat, við merkjum það alveg.“ – sg

## Merkel þrýstir á Tyrki og heitir aðstoð

Vill að Tyrkir hefji sem fyrst aðgerðir til að hægja á flóttamannastraumnum og fái án tafar fé frá Evrópusambandinu, sem samið var um.

**TYRKLAND** Þýskir lögreglumenn ætla að aðstoða Tyrki við eftirlit á landamærum Sírylands, til að hægja eitthvað á flóttamannastraumnum þar yfir. Ennfremur verði Atlantshafsbandalagið fengið til aðstoðar.

Þetta kom fram á fundum Angelu Merkel Þýskalandskanslara með ráðamönnum í Tyrklandi í gær. Hún hélt þangað til að leggja áherslu á að aðgerðaáætlun Tyrkja og Evrópusambandsins, sem samþykkt var í nóvember, komist sem fyrst til framkvæmda.

Hún hittir þar bæði Ahmet Davutoglu forsætisráðherra og Recep Tayyip Erdogan forseta.

„Við þurfum að ná árangri hratt,“ sagði hún einnig. „Börnin, sem komast ekki í skóla, vilja ekkert fara í skóla eftir tvö ár heldur vilja þau komast í skóla mjög fljótt.“

Merkel ræddi jafnframt um loftárásir Rússa á uppreisnarmenn í borginni Aleppo í Sírylandi, og sagði þjáningar fólks þar skelfilegar.

„Það sem er að gerast við landamæri Tyrklands og Sírylands er virkilega ömurlegt,“ sagði hún. „Við þessar aðstæður er varla hægt að halda neinar friðarviðræður, og því verður að finna lausn á þess ástandi.“

Friðarviðræður, sem halda átti í Genf í síðustu viku, fóru út um þúfur vegna árásanna á sírylsku borgina Aleppo. Merkel sagði nauðsynlegt að koma þessum viðræðum af stað á ný.

Hún sagðist einnig ætla að tryggja stuðning við samstarf Grikklands og Tyrklands um að koma flóttafólki frá Grikklandi aftur til Tyrklands.

„Það þýðir ekki að Tyrkland verði að taka við öllum flóttamönnum, heldur að sírylskt flóttafólk fái möguleika á að koma til Evrópu, en ekki eftir þessum ólöglegu leiðum eins og nú er, þar sem fólk, sölufólk verður maður að segja, græðir fé á ógæfu saklausra,“ sagði Merkel í Tyrklandi í gær. „Þessari hættulegu leið viljum við breyta í löglega leið, sem er skipulögð af okkur.“



Angela Merkel Þýskalandskanslari ásamt Ahmet Davutoglu, forsætisráðherra Tyrklands, á blaðamannafundi í Ankara í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**Þessari hættulegu leið viljum við breyta í löglega leið, sem er skipulögð af okkur.**

Angela Merkel, kanslari Þýskalands

Hún sagði fé frá Evrópusambandinu nú þegar standa Tyrkjum til boða og nú verði að koma því í notkun sem fyrst. „Ef það vantar svo meira fé, þá getum við rætt það aftur en núna verður fara að sjást eitthvað áþreifanlegt.“

Það sem af er þessu ári hafa um 400 manns drukkað í hafinu milli Tyrklands og Grikklands.

gudsteinn@frettabladid.is

### Aðgerðaáætlun

Þann 29. nóvember síðastliðinn samþykktu fulltrúar Tyrklands og Evrópusambandsins aðgerðaáætlun, sem felur í sér að Evrópusambandið útvegi Tyrkjum þrjá milljarða evra í aðstoð, sem Tyrkir eigi að nota til þess að bæta aðbúnað flóttafólks í Tyrklandi. Jafnframt eigi Tyrkir að sjá til þess að verulega dragi úr flóttamannastraumnum yfir til Evrópu.

**Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flisum**

**Flisabúðin**

Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

## Farið yfir launamál tvisvar á ári

**JAFNRÉTTISMÁL** Seðlabanki Íslands hefur farið yfir verklag til að koma í veg fyrir að brot á jafnréttismálum eigi sér stað aftur þegar kemur að ráðningu og launum starfsmanna.

Á föstudaginn greindi Fréttablaðið frá því að Seðlabankinn hefði brotið jafnréttislög í þriggja á jafn mörgum árum. Í svar við fyrirspurn frá blaðinu kemur fram að málin hafi haft áhrif á verklag Seðlabankans.

Í fyrra tilvikinu, þegar karl var ráðinn þegar kona var metin jafn hæf, hefur verið farið yfir verklag til að sjá til þess að ákveðin mistök í ráðningarferli muni ekki eiga sér stað aftur. Einnig hefur verið farið yfir síðari tilvikin, þar sem um var að ræða hærri byrjunarlaun hjá karli en konum sem öll voru ráðin sem sérfræðingar í jafn verðmætum störfum, með það í huga að þau endurtaki sig ekki.

Seðlabankinn fer yfir laun starfsmanna tvisvar á ári, með tilliti til



Forsvarsmenn Seðlabankans segja að hann hafi lært af málunum sem komu upp í kærufund jafnréttisnefndar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

þess hvort einhvers staðar sé um að ræða óútskýrðan launamun á milli kynja. Starfs- og rekstraráætlun þessa árs tekur meðal annars mið af því og meðal þess sem nú er unnið að er sérstök gagnasöfnun vegna launagreiningar í bankanum í samstarfi við ytri þjónustuaðila.


Bankinn hefur sett sér jafnréttis-

stefnu á grunni laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þar starfar einnig jafnréttisnefnd með það meginhlutverk að fylgja eftir áherslum og stefnum bankans í jafnréttismálum. Seðlabankinn mun þannig kappkosta að ákvæðum og anda jafnréttislaga verði fylgt í hvívetna. – sg

**Okkur finnst að þeir  
sem lenda ekki í tjóni  
eigi að njóta þess með  
betri kjörum.**

Þess vegna fá viðskipta-  
vinir okkar sem eru  
í Stofni endurgreiðslu  
ef þeir eru tjónlausir.

[sjova.is](http://sjova.is)



**SJÓVÁ**

# Ég sé ekki eftir neinu!



Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

Sprengidagur er auðsjáanlega einn mikilvægasti dagur ársins fyrir íslensku þjóðina enda skulu ofgnótt og óhóf höfð að leiðarljósi og það án eftirsjár. Íslenskar verður það nú tæpast.

Fræg er saga af þjóðþekktum manni sem þjást af nýrnaveiki og var saltmeti manngarminum því hið mesta eitru. Sá var hængur á að ekkert vissi hann betra en saltkjöt og baunir og oftar en ekki, á þessum merkisdegi sem sprengidagur er svo sannarlega, ákvað blessaður maðurinn að láta þetta ekki á móti sér heldur lét undan ást sinni á þessum rammislenka mat og beið síðan afleiðinganna. Afleiðingin varð oftar en ekki að blessaður maðurinn var sóttur í sjúkrahúsi og færður til sjúkrahúsvistar sér til heilsuþótar aðframkominn af verkjum og emjandi: „Ég sé ekki eftir neinu!“

Hvort sagan er sönn eða bara óhóflega fært í stílinn er best að hafa sem fæst orð um. En íslensk er hún og það verður ekki af okkur tekið að eftirsjá virðist ekki vera ofarlega í hugum okkar Íslendinga. Við seldum og einkavæddum bankana sem síðan þöndust út á ljóshraða og sprungu í andlitinu á okkur en enginn sá eftir neinu. Í fangelsum sitja menn sem telja sig órétti beitta og sjá ekki eftir neinu. Við virðumst vera búin að naga heilbrigðiskerfið inn í merg en enginn virðist sjá eftir neinu. Við höfum lagt ómetanlegar náttúruþerlur í rúst í nafni stóriðju og hreppapólitíkur en enginn sér eftir neinu. Niðurskurður í opinberri þjónustu, velferð, menntun og menningu á vegum ríkis og sveitarfélaga virðist fyrir lifandis löngu vera orðinn samgróinn daglegu lífi en ekki er vitað til þess að nokkur sjái eftir nokkrum sköpuðum hlut. Alveg er þetta stórmerkilegt.

Það virðist nefnilega vera sprengidagur alla daga í íslensku samfélagi. Hver og einn kappkostar að troða í sig og sína eins og enginn sé morgundagurinn og stjórnsýslan virðist öll miða að því að halda sér á floti og hámarka gróða dagsins í dag, sparnað morgundagsins og kannski í besta falli útkomuna innan kjörtímabilsins. Lengra nær nú hugsunin sjaldnast. Ólíkt því sem var hjá salkjöts- og baunafiklinum er nefnilega hægt að yta afleiðingunum á undan sér, vona það besta og sjá ekki eftir neinu.


Ef eitthvað er að marka skoðanakannanir þá virðist þó stór hluti þjóðarinnar oft og iðulega sjá eftir því hvernig hann ráðstafaði atkvæði sínu í síðustu kosningum og kosningunum þar áður og líka fyrir það. En það er alltaf of seint því fjögur ár eru langur tími í pólitík. Þessu þurfum við að breyta. Við þurfum að breyta hugsuninni, valdajafnvæginu og framtíðinni ef ekki á illa að fara. Því auðvitað er það svo að það vill enginn í raun og veru að afkomendur okkar lendi á sjúkrahörunum fyrir þetta endalaus sprengidagsfylleri samtímans þar sem allt er étíð, engu eirt og enginn sér eftir neinu.

Einn sprengidagur á ári er nefnilega alveg nóg og við skulum bara njóta hans fyrst hann er í dag. Verði ykkur að góðu!



Það virðist nefnilega vera sprengidagur alla daga í íslensku samfélagi.

## Halldór



## Frá degi til dags

### Sveinn og Vigdís

Ríkisendurskoðandi og formaður fjárlaganefndar eru komin í hár saman. Ríkisendurskoðandi sá sig knúinn til að senda forseta þingsins bréf þar sem hann fer yfir meistar dylgjur og rangfærslur formannsins. Vigdís svarar honum fullum hálsi í frétt í Fréttablaðinu í dag og sakar hann um þöggunartilburði í sinn garð sem hún muni ekki hlusta á. Það er í sjálfu sér ekki nýmæli að fólk kveinki sér yfir orðum háttvirts formanns fjárlaganefndar. Það er hins vegar ekki boðlegt að forsvarsmáður ríkisstofnunar og sá þingmaður sem hefur mest völd þegar kemur að fjárlögum hvers árs skuli ekki vera í farsælla sambandi en raun ber vitni.

### Rangur misskilningur

Ríkisútvarpið birti í gær frétt þess efnis að rangur þáttur af hinni geysivinsælu sakamálaþáttaröð Ófærð Baltasars Kormáks hafi farið í loftið. Á sunnudagskvöld beið alþjóð í ofvæni eftir að þátturinn hæfist. Þetta voru ekki einu mistök tæknideildar Ríkisútvarpsins þetta kvöldið því röng útgáfa af heimildarmynd um flóttamann frá Sýrlandi fór einnig í loftið. Ekki hefur tekist að bera kennsl á fleiri „rangar útsendingar“ Ríkisútvarpsins á þessu ári. Hins vegar yrði alþjóð gríðarlega glöð ef röng útgáfa af leikjum íslenska landsliðsins í handknattleik frá EM í Póllandi hefði ratað á skjái landsmanna. sveinn@frettabladid.is

## Kári og forgangsmálin



Elin Hirst  
alþingismaður

Hvaða mál eru það sem standa Íslendingum næst? Mér sýnir frábært framtak Kára Stefánssonar með undirskriftasöfnun sinni sýna og sanna að það eru heilbrigðis- og velferðarmálin sem fólk í landinu vill að stjórnvöld leggi nú megináherslu á. Ég er reyndar ekki endilega sammála Kára um að það eigi að miða framlag til heilbrigðismála við einhverja tiltekna prósentu af vergri þjóðarframleiðslu. Vel getur verið að það þurfi jafnvel að setja meira í uppbyggingu heilbrigðiskerfisins um nokkurra ára skeið til þess endurreisa það. Því skal haldið til haga að ríkisstjórnin hefur auknið framlög verulega til heilbrigðiskerfisins og velferðarmála á þessu kjörtímabili, en það er þó greinilegt að það er hávær krafa um að gert verði enn betur. Á þessum raddir kjósenda verður ríkisstjórnin að hlusta.

Það er afar mikilvægt að stjórnmalamenn hafi góða tilfinningu fyrir því hvernig þjóðarhartað slær hverju sinni og leggi við hlustir. Forystumenn þjóðarinnar verða því að vera í góðu sambandi við almenning í landinu og aldrei hefur það verið eins auðvelt og nú eftir að samfélagsmiðlarnir urðu eins sterkir og raun ber vitni. Ríkisstjórninni hefur tekist að leysa mörg erfið verkefni eins og skuldaleiðréttinguna, afnám fjármagnshafa og að koma á stöðugleika í efnahagslífinu þar sem nú er mikill vöxtur og ríkissjóður er rekinn réttum megin við núllið.

En ríkissjóður er ekki botnlaus. Ekki viljum við skulsetja okkur meir en nú er, þar sem 80 milljarðar fara í vexti á ári. Þetta eru algerir blöðpeningar. Mikilvægt er því að einbeita sér að því að lækka vaxtakostnaðinn með niðurgreiðslu skulda eins og fjármálaráðherra er að gera. En einhvers staðar verður að taka þá peninga sem við viljum leggja af mörkum til heilbrigðis- og velferðarmála. Þá skapast augljóslega svigrúm. Enn fremur verðum við að velja. Á til að mynda að fresta jarðgangagerð, fresta kaupum á nýjum Herjólf svo dæmi sé tekið og gera öflugra átak í að skera niður ríkisútgjöld? Það verður að vera breið sátt um það hvaðan þeir peningar eiga að koma sem þarf í endurreisn heilbrigðiskerfisins. Svo ríkan vilja stórs hluta þjóðarinnar sem hefur lagt undirskriftasöfnun Kára lið verður að virða. Vinnum saman að því að finna lausnina, en vilji er allt sem þarf.



Það verður að vera breið sátt um það hvaðan þeir peningar eiga að koma sem þarf í endurreisn heilbrigðiskerfisins.

**ÓDÝRT!**  
NICOTINELL FRUIT

**20% afsláttur**  
af öllum pakkningum

Afslátturinn gildir í febrúar.

**Lyfjaval**  
APÓTEK

Mjódd Álfamýri  
Bílaapótek Hæðasmára

Lyfjaval.is • sími 577 1160

# Til hvers að eiga banka?



**Bolli Héðinsson**  
hagfræðingur

Hvort á ríkið eða lífeyrissjóðirnir að eiga banka? Kannski að bæði ríkið og lífeyrissjóðirnir ættu að eiga þá í sameiningu? Stjórnvöld hafa heimild til að selja hluti ríkisins í bönkunum og stefna að því ótraud. Einhverjir vilja að ríkið eigi banka svo hægt sé að lækka vexti, en vextir ráðast af hagstjórn og aðstæðum í efnahagslífinu en ekki því hverjir eiga bankana. Það er borin von að vextir verði eins og í nágrannalöndum okkar á meðan við höfum íslenska krónu. Það hefur 90 ára harmsaga krónunnar kennt okkur.

**Bónusar í bönkum eru á kostnað og ábyrgð ríkisins**  
Hegðan starfsmanna bankanna þegar Borgun og Siminn voru seld hefur sýnt fram á að þeir silkihanskar sem voru notaðir við endurreisn

bankanna voru mikil mistök. Ráðamenn bankanna virðast ekki átta sig á þætti þeirra í hrúinu og að þar þurfi nýjar hugmyndir og allt önnur viðhorf að ráða en var fyrir hrún. Ein arfleifð hrúnsins er að menn hafa talið sér trú um að laun og kjör yfirmanna í bönkum lúti öðrum lögmálum heldur en í fyrirtækjum yfirleitt. Þá gleymist að bónusar og há laun geta lækkað arðgreiðslur til eigendanna hvort sem það eru lífeyrissjóðir eða ríkið.

Ef ríkið og/eða lífeyrissjóðirnir ættu bankana væri þeim í löfa lagið að ná bönkunum niður á jörðina í launamálum. Það getur ríkið gert með því einu að gera bönkunum ljóst að ef þeir fylgja ekki markaðri launastefnu ríkisins þá njóti viðkomandi banki ekki baktryggingar ríkisins á innlánunum. Frammi fyrir því vali eiga bankarnir engan annan kost en að gangast inn á skilmála ríkisins.

**Spyrja lífeyrissjóðirnir „hvad gerðir þú í hrúinu?“**  
Lífeyrissjóðirnir sem eru í eigu íslenskra launamanna eiga stóra hluti og jafnvel meirihluta í stórum og smáum fyrirtækjum hér á landi.



**Hegðan starfsmanna bankanna þegar Borgun og Siminn voru seld hefur sýnt fram á að þeir silkihanskar sem voru notaðir við endurreisn bankanna voru mikil mistök.**

Samt sem áður hafa lífeyrissjóðirnir ekki komið sér saman um samræmt launakerfi í þeim fyrirtækjum þar sem þeir gætu í sameiningu ráðið hvernig launum og bónusum væri háttáð.

Einnig hafa lífeyrissjóðirnir ekki heldur séð ástæðu til að spyrja þá sem sjóðirnir hafa ráðið til að stjórna fyrirtækjunum hvad þeir höfðust að í hrúinu. Voru þeir e.t.v. gerendur í gjaldþrotum sem svo leiddu til tugmilljarða tjóns sjóðanna þó svo þeir hafi ekki verið stóttir til saka? Er sérstök ástæða hjá sjóðunum til að gera þessum einstaklingum hátt undir höfði og spenna launakröfur í þeim fyrirtækjum og öðrum upp úr öllu valdi?

# Áskorun!



**Hólmgeir Baldursson**  
forstöðumaður Filmflex


Gististaðir kalla nú eftir því að girt sé fyrir ólögmetra starfsemi þar sem boðin er gisting án tilskilinnna leyfa. Mér varð hugsað til fjölmargra gististaða sem hundsda að afla sér tilskilinnna leyfa til að bjóða gestum sínum afþreyingu. Líta á það sem sjálfsgat mál að tengja bara eitthvað frá einhverjum án þess að gæta að því að sjónvarpsefni er höfundarvarið.

